



Alþingi

Erindi nr. Þ III / 147
komudagur 12 / 12 1988

Reykjavík, 07.12.1988.

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis,
c/o Hr. form., Páll Pétursson,
Alþingi við Austurvöll.

Með bréfi, dagsettu 02. nóvember 1988, óskaði háttvirt fjárhags- og viðskiptanefnd umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um eignarleigustarfsemi.

Í samræmi við óskir nefndarinnar hefur bankaeftirlitið kynnt sér fyrrgreint frumvarp. Hjálagt fylgja þær athugasemdir og ábendingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt að koma á framfæri. Til hægðarauka fylgir einnig frumvarpið í heild, eins og það yrði með þeim breytingum sem banka-
eftirlitið leggur til.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu málsins, sem stafar af miklum önnum banka-
eftirlits.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
bankaeftirlit

FRUMVARP TIL LAGA
Um eignarleigustarfsemi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

"Eignarleiga" merkir í lögum þessum leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Til eignarleigu telst því:

"Fjármögnunarleiga" er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu skv. eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala. Eignarréttur helst þó hjá leigusala.

"Kaupleiga" er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu skv. eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala og jafnframt veitt leigutaka sjálfkrafa eða valkvæðan kauprétt að hinu leigða í lok leigutímans.

"Rekstrarleiga" er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu skv. eignarleigusamningi að fyrir hendi sé eignarleiga sem ekki telst vera fjármögnunarleiga né kaupleiga skv. ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

"Eignarleigustarfsemi" skv. lögum þessum telst vera sú starfsemi að veita, hafa milligöngu um eða bjóða fram lánveitingar og ábyrgð á skuldum vegna fjármögnunar annarra aðila.

Ákvæði laga þessara taka þó ekki til lánveitinga þeirra sem stunda framleiðslu og verslun til venjulegra viðskiptavina.

Rísi ágreiningur um það hvort starfsemi teljist til eignarleigustarfsemi samkvæmt lögum þessum sker ráðherra úr.

3. gr.

"Eignarleigufyrirtæki" merkir í lögum þessum fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi eignarleigu samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Eignarleigufyrirtæki.

4. gr.

Eignarleigustarfsemi er einungis heimil eignarleigufyrirtæki sem hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Skilyrði fyrir veitingu slíks starfsleyfis eru:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag og nemi innborgað hlutafé þess a.m.k. 10 milljónum króna.
2. Meirihluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hér á landi.
3. Framkvæmdasstjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Noðurlandaríkis. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð.
4. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa annist endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 1. mgr. skulu samþykktir eignarleigufyrirtækis hafa hlotið staðfestingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Eignarleigufyrirtæki er óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi á sviði fjármálþjónustu. Eignarleigufyrirtækið má þó eigi jafnframt stunda verðbréfamíðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

Tilgangur fyrirtækisins skal skýrt afmarkaður í samþykktum félagsins.

6. gr.

Eigið fé eignarleigufyrirtækis skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 10% af heildarskuldbindingum þess.

7. gr.

Eignarleigufyrirtæki ber að haga starfsemi sinni á þann veg að viðskiptamenn þess njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal, að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanna, kappkostað að veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti og kjör sem þeim standa til boða.

8. gr.

Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir. Í þeim skal, auk leigugjalds, geta eftirtalinna atriða:

1. Tegundar þeirrar eignarleigu sem samningurinn kveður á um sbr. 1. gr. laga þessara.
2. Lágmarksleigutíma.
3. Vaxtaákvæða og annars kostnaðar leigutaka af viðskiptunum, þ.á m. lántökugjalds, ef um það er að ræða.
4. Ákvæða um rétt leigusala og leigutaka til riftunar eignarleigusamnings og um skilmála riftunar.
5. Ákvæða um váttryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila.
6. Hvort, með hvaða hætti og hvaða kjörum leigutaki fái áframhaldandi afnot hins leigða að leigutíma loknum.

9. gr.

Starfsmönnum eignarleigufyrirtækis ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem það annast um og um persónulega hagi viðskiptamanna þess, sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema starfsmönnum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Ársreikningur og endurskoðun.

10. gr.

Reikningsár eignarleigufyrirtækja skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikningur skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra

er heimilt að setja reglur um gerð ársreikninga eignarleigufyrirtækja að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

11. gr.

Endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi eignarleigufyrirtækis má ekki sitja í stjórn þess, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum eignarleigufyrirtækis og jafnframt skulu starfsmenn eignarleigufyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

12. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktá. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þær eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar um málefni eignarleigufyrirtækis og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla í rekstri eignarleigufyrirtækis varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslu-tryggingar eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagsstöðu þess, skal endurskoðandi gera stjórn fyrirtækisins og bankaeftirlitinu viðvart.

13. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaða ársreikninga eignarleigufyrirtækis í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

IV. KAFLI

Eftirlit.

14. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra sbr. 4. gr. laga þessara. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara, reglugerða og samþykktá sem um starfsemina gilda. Bankaeftirlitinu skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá eignarleigufyrirtækjum sem varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins, að mati bankaeftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu lätin í té í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir vegna eftirlits og hagskýrslugerðar. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur

og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og reglugerða settum samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum eignarleigufyrirtækja í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

16. gr.

Hafi stjórn eignarleigufyrirtækis eða endurskoðandi þess ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 7. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé eignarleigufyrirtækis sé undir lágmarki 7. gr. skal það krefja endurskoðanda eignarleigufyrirtækis þegar í stað um reikningsuppgjör sem hann skal afhenda innan tveggja vikna frá því honum berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé eignarleigufyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 7. gr. skal stjórn hlutafélagsins án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana félagið hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð stjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn samkvæmt 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi eignarleigufyrirtæki frest í allt að fjóra mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki samkvæmt 7. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að fjóra mánuði til viðbótar. Heimilt er að stytta eða fella niður áður ákveðinn frest ef ástæða þykir til.

17. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis ef veittur frestur skv. 15. gr. ber eigi árangur eða sýnt þykir að slíta beri fyrirtækinu. Skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi eignarleigufyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta.

Brjóti stjórn eignarleigufyrirtækis itrekað fyrirmáli laga og reglna settra skv. þeim getur ráðherra með sama hætti og um getur í 1. mgr. þessarar greinar afturkallað starfsleyfi eignarleigufyrirtækis enda hafi bankaeftirlit Seðlabanka Íslands áður gert skriflegar athugasemdir varðandi reksturinn.

Ráðherra er skylt að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi þegar í stað og um stundarsakir, ef hafin er opinber rannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis.

V. KAFLI
Viðurlög.
18. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum að starfrækja eignarleigufyrirtæki sbr. 4. gr. laga þessara án starfsleyfis viðskiptaráðherra. Sömu refsingu varða brot á II. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal farið að hætti oinberra mála.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.
19. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.
Lög þessi öðlist þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lög þessi taka til, skulu uppfylla ákvæði laganna eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku þeirra. Mæli sérstakar ástæður með því er viðskiptaráðherra heimilt að veita lengri frest, þó aldrei lengri en eitt ár frá því sem ákveðið hefur verið í fyrri málslið þessa bráðabirgðaákvæðis.

Frumvarp til laga um eignarleigustarfsemi.

Athugasemdir.

1.

Athugandi er, hvort samræmi sé milli skilgreiningar 1. gr. frumvarpsins á eignarleigu annars vegar og skilgreiningar 2. gr. frumvarpsins á eignarleigustarfsemi hins vegar. Er með þessu átt við, að eignarleiga felst tíðast í því, að leigutaki leitar til eignarleigusalans og óskar eftir því, að leigusalinn útvegi tiltekin tæki eða annað sem leigutaka vanhagar um en hefur e.t.v. ekki bolmagn til að fjármagna. Leigusalinn fjárfestir síðan sjálfur í viðkomandi tækjum með samningum beint við framleiðanda eða seljanda þeirra og leigir síðan leigutakanum tækin í tiltekinn fyrirfram ákveðinn lágmarksleigutíma gegn umsömdu leigugjaldi, sem miðast við að leigusali fái til baka fjárfestingu sína vegna leigutakans auk nokkurrar þóknunar. Í þessum viðskiptum felast hins vegar ekki beinar lánveitingar leigusala eða ábyrgð af hans hálfu á skuldbindingum leigutaka, enda er tíðast ekki samningssamband milli leigutaka og framleiðanda eða seljanda að ræða.

2.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins falli brott. Eðlilegt kann að vera að veita peningastofnunum og öðrum fjármálafyrirtækjum möguleika til að afla sér áhættufjármagns með hinum svonefndu víkjandi lánnum. Réttara væri hins vegar að taka til endurskoðunar hin ýmsu lög sem gilda um þessar stofnanir með það í huga að lögfasta þar ákvæði um víkjandi lán. Ýmislegt mælir með því að svo verði gert og er þá óheppilegt að taka út úr einn afmarkaðan þátt þessarar starfsemi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Af framangreindri breytingu á 3. gr. frumvarpsins leiðir, að ákvæði 7. gr. þess breytast einnig og myndi hljóða svo:

"Eigið fé eignarleigufyrirtækis skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 10% af heildarskuldbindingum þess."

Hér er lagt til að sömu eiginfjárkröfur séu gerðar til eignarleigufyrirtækja og gerðar eru varðandi verðbréfafyrirtæki, í frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði sem nú liggur fyrir Alþingi. Sýnist eðlilegt að gera sömu kröfur að þessu leyti.

3.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til að við 4. gr. frumvarpsins: Bætt verði við nýjum tölulið nr. 4 varðandi skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis, sem gæti hljóðað svo:

"Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa annist endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki."

Í frumvarpinu eins og það er nú virðist skorta með öllu ákvæði um endurskoðun hjá eignarleigufyrirtækjum. Eðlilegt hlýtur að vera að gera kröfur til þess að löggiltir endurskoðendur annist endurskoðunina og jafnframt að slík skipan sé skilyrði fyrir leyfisveitingu. Skal í þessu sambandi bent á að einnig er lagt til að inn í frumvarpið komi nýr III. kafli um ársreikninga og endurskoðun þar sem nánar er vikið að þessum atriðum.

Auk þeirrar breytingar á 4. gr. frumvarpsins, sem rakin er hér að framan, er lagt til að við 4. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem hljóði svo:

"Áður en leyfi er veitt skv. 1. mgr. skulu samþykktir eignarleigufyrirtækis hafa hlotið staðfestingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands."

Þessi breyting veitir aukna tryggingu fyrir því að samþykktir og starfsemi eignarleigufyrirtækja fari að lögum og má e.t.v. segja að um fyrirbyggjandi ákvæði sé að ræða. Sérstaklega skal í þessu sambandi bent á ákvæði núverandi 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

4.

Lagt er til að ákvæði 5. gr. frumvarpsins falli brott, enda felst nægileg heimild til reglugerðarsetningar, m.a. að því er varðar eignarleigu á fasteignum, í 15. gr. frumvarpsins. Númeraröð greina frumvarpsins breytist vegna þessarar breytingar.

5.

Lagt er til að 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott og má um það vísa til liðar nr. 4 hér að framan.

6.

Lagt er til að núverandi 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins falli brott og upphaf greinarinnar hljóði svo:

"Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir. Í þeim skal, auk leigugjalds, geta eftirtalinna atriða:"

Þá er jafnframt lagt til, að í núverandi 9. gr. frumvarpsins bætist nýr töluliður, 5. töluliður, sem hljóði svo:

"Ákvæða um váttryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila."

Rétt þykir að kveða skýrt á um að leigugjalds skuli getið í eignarleigusamningi, svo ekki fari milli mála. Þá er ekki síður ástæða til að kveða sérstaklega á um vátryggingar hins leigða og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila, enda er hér um að ræða sérstakt samningsform þar sem skilið er milli eignarhalds og áhættu.

7.

Eðlilegt þykir að við 10. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður, sem hljóði svo:

"Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi."

Þessi breyting þarfnast ekki skýringa.

8.

Athygli skal vakin á því, að ákvæði um gerð ársreiknings og endurskoðun virðist vanta með öllu í frumvarpið. Að framan hefur verið lagt til að kveðið verði á um löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarstofur í 4. gr. frumvarpsins. Í framhaldi af því er einnig lagt til, að inn í frumvarpið bætist nýr III. kafli, sem fjalli nánar um ársreikning og endurskoðun. Kaflinn gæti hljóðað svo:

" III. KAFLI

Ársreikningur og endurskoðun.

11. gr.

Reikningsár eignarleigufyrirtækja skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja reglur um gerð ársreikninga eignarleigufyrirtækja að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

12. gr.

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi eignarleigufyrirtækis má ekki sitja í stjórn þess, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þess þágu að öðru en endurskoðun.

Skýlt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bóköm, fylgiskjölum og öðrum gögnum eignarleigufyrirtækis og jafnframt skulu starfsmenn eignarleigufyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

13. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og

greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar um málefni eignarleigufyrirtækis og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla í rekstri eignarleigufyrirtækis varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslu-utryggingar eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagsstöðu þess, skal endurskoðandi gera stjórn fyrirtækisins og bankaeftirlitinu viðvart.

14. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaða ársreikninga eignarleigufyrirtækis í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok reikningsárs."

Höfð er nokkur hliðsjón af ákvæðum frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði varðandi ársreikninga og endurskoðun, eftir því sem við þykir eiga.

9.

Lagt er til að í 11. gr. frumvarpsins verði bætt inn ákvæðum er lúta að því að skýrt sé kveðið á um að það sé mat bankaeftirlitsins hvaða gögn og upplýsingar séu nauðsynlegar við framkvæmd eftirlits með eignarleigufyrirtækjum. Jafnframt að lög nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og reglugerð nr. 470/1986, sem sett er með heimild í þeim lögum, gildi um eftirlit með eignarleigufyrirtækjum, eftir því sem við getur átt. Bæði þessi atriði gera eftirlit auðveldara sérstaklega að því er varðar möguleika til aðgerða af hálfu bankaeftirlits, sé þeirra þörf. Eftir þessar breytingar gæti 11. gr. frumvarpsins hljóðað svo:

"Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra sbr. 4. gr. laga þessara. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara, reglugerða og samþykpta sem um starfsemina gilda. Bankaeftirlitinu skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá eignarleigufyrirtækjum sem, að mati bankaeftirlits, varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu látin í té í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir vegna eftirlits og hagskýrslugerðar. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og reglugerða settum samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt."

Eins og sést af 11. gr. frumvarpsins eins og lagt er til að hún breytist, fellur síðasta málsgrein núverandi texta greinarinnar brott. Ástæðan er sú, að í III. kafla sem lagt er til að bætist við frumvarpið er ákvæði sem mælir fyrir um upplýsingaskyldu endurskoðenda gagnvart bankaeftirlitinu. Óþarft virðist því að endurtaka slíkt ákvæði í 11. gr. frumvarpsins. Sérstök athygli skal vakin á því að vegna tilkomu nýs III. kafla breytist númeraröð greina frumvarpsins, þannig að núverandi 11. gr. yrði 14. gr.

10.

Auk þeirra breytinga sem lagðar eru til á núverandi 11. gr. frumvarpsins er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein, sem verði 15. gr., varðandi eftirlit Gjaldeyriseftirlits Seðlabankans með erlendum viðskiptum eignarleigufyrirtækja. Gæti ákvæðið hljóðað svo:

"Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðsiptum eignarleigufyrirtækja í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess."

11.

Athygli skal vakin á upphafsorðum núverandi 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins: "Brjótí stjórn ítreakað....." Hér virðist orðalagið ekki nægilega skýrt og er því lagt til að upphaf greinarinnar hljóði svo: "

" Brjótí stjórn eignarleigufyrirtækis ítreakað....."

Þá er lagt til að 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins breytist þannig að í stað heimildar ráðherra til að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi verði gert skylt að beita þessu úrræði í þeim tilvikum sem greinin fjallar um.

Jafnframt er lagt til að seinni hluti síðasta málsliðar 3. mgr. breytist og hljóði svo: "....., ef hafin er opinber rannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis." Þessi hluti 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins, eins og það er nú, virðist vera þröngt orðaður enda verður að telja líklegt, að í mörgum tilvikum væru brot gegn lögnum, ef til kæmi, framin án vitundar eða atbeina stjórnar fyrirtækisins, sem er e.t.v. ekki í nánnum, daglegum tengslum við framkvæmdastjóra þess þótt hún beri auðvitað ábyrgð sem slík.

11.

Lagt er til að ákvæði 14. gr. frumvarpsins falli brott. Ekki verður séð að þörf sé á sérstöku samþykki ráðherra vegna samruna eignarleigufyrirtækja. Nægilegt ætti að vera að ákvæði hlutafélagalaga giltu um þessi tilvik.

12.

Að því er varðar núverandi 15. gr. frumvarpsins er lagt til að hún færist aftur í kafla um gildistöku o.fl., sem verður VI. kafli, vegna annarra breytinga sem lagðar eru til. Virðist ákvæðið betur eiga heima í þeim kafla laganna en kafla um eftirlit. Núverandi 15. gr. yrði 19. gr. ef þessi flutningur hennar ætti sér stað og núverandi 17. gr. frumvarpsins yrði 20. gr.

Þar sem lagt hefur verið til hér að framan að 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott er lagt til að núverandi 15. gr. frumvarpsins verði nokkuð ítarlegar orðuð og gæti ákvæðið hljóðað þannig:

" Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar m.a. sérstaklega fjallað um eignarleigu á fasteignum."